

Nd. 504. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [6. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. um almannavarnir, nr. 94 29. des 1962.

Frá Ragnari Arnalds.

Með tilliti til þess, að lög nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, hafa ekki komið til framkvæmda nema að óverulegu leyti, og með því að ástæðan til þess virðist sú, að löggin séu reist á veikum stöðum, er geri þau í senn óvinsæl og lítt framkvæmanleg, telur deildin nauðsynlegt, að fram fari allsherjarendurskoðun laganna og að sérstaklega verði athugað í því sambandi, hvort það sé ekki líklegt til góðs árangurs að fela Rauða krossi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands og öðrum skyldum samtökum að undirbúa og annast þá hjálparstarfsemi, sem um ræðir í lögnum og í því lagafrumvarpi, sem hér liggur fyrir. Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um þessa endurskoðun, telur deildin rétt að fresta afgreiðslu frumvarpsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.